



Golfklúbburinn Dalbúi

**2. stjórnarfundur starfsársins 2018 haldinn að Bæjargili 109, Garðabæ, 14. febrúar 2018.
Fundur hófst kl. 17:00.**

Mætt: Bryndís Scheving form., Ásbjörn Sigurbjörnsson,
Eiríkur Þorláksson, Böðvar Schram,
Hafsteinn Daníelsson (varam.),

Forföll boðuð: Ragnhildur Bender (varam.)

1. Auglýsing eftir rekstraraðila:

Formaður greindi frá því að viðbrögð við auglýsingu hefðu engin verið til þessa, en auglýst var í Bændablaðinu og í Dagskránni á Suðurlandi, og á vefnum í fréttabréfi Bláskógabyggðar, á heimasíðu GD og á Facebook. Frestur var tilgreindur til 1. mars n.k. þannig að enn er von um að eitthvað gerist út frá auglýsingunum.

2. Samstarfssamningar við styrktaraðila:

Gjaldkera veitt umboð til að ganga frá samstarfssamningum við styrktaraðila, þ.e. Grafíu stéttarfélag, Rafiðnaðarsambandið og VM félag vélstjóra og málmæknimanna. Stefnt er að því að samningar verði svipaðir og á síðasta ári, þ.e. með ákveðnum fjölda sumarkorta til þeirra, tilboði til félagsmanna þeirra við nýskráningar í GD (með þeirri viðbót að tilboðið nái einnig til maka) og að fyrir þetta greiði þessir aðilar 600.000 kr. hver til GD.

3. Afsal vegna golfskála:

Í þeim samningi sem gerður var 9. mars 2017 við Grafíu stéttarfélag, VM – félag vélstjóra og málmæknimanna og Rafiðnaðarsamband Íslands um að þessir aðilar keyptu hluta í golfskála Dalbúa í Miðdal, var kveðið á um að þegar greiðslur hafi farið fram í samræmi við ákvæði samningsins skuli gefa út afsal til samningaðila að eignarhluta þeirra að golfskálanum í viðeigandi hlutföllum. Útgáfa þessa afsals hefur ekki enn farið fram, og var gjaldkera falið að annast það verkefni í samráði við formann.

4. Ástand vallar:

Umræðu um ástand vallarins í Miðdal haldið áfram, en það hefur ekki skánað mikið frá síðasta stjórnarfundum, og talsverð hætta á kali undir svellum. Rætt um mögulega götun með borun, tilboð um lagningu dúka og mygluvarnar fyrir næsta ár, o.s.frv. Ásbjörn ætlar að hafa samband við tilboðsaðila og kanna möguleikana.

5. Mótaskrá 2018:

Drög að mótaskrá sumarsins 2018 lögð fram. Við gerð hennar var m.a. tekið tillit til fyrirhugaðra leikja á HM í knattspyrnu í sumar. Upp kom spurning um hvort ræða ætti við Grafíu um að flýta móti félagsins til að dagskrá sumarsins gangi sem best upp.

Eftir frekari umræðu var niðurstaðan að mótaskrá sumarsins verði lögð fram í endanlegu formi á næsta fundi stjórnar.

6. Vinavellir:

Formaður upplýsti að hún hefur verið í sambandi við þá klúbba sem GD hefur verið í hefðbundnu vinaklúbba-sambandi við undanfarin ár, þ.e. golfklúbbana í Hveragerði og í Vík í Mýrdal, en til viðbótar hefur verið náð slíku sambandi við golfklúbbana í Grindavík og á Akranesi, og unnið er að því að fá staðfestingar á slíkum samböndum við fleiri klúbba í öðrum landhlutum, sbr. umræður á síðasta stjórnarfundi.

Nánari upplýsingar um vinavelli verða staðfesta á næsta fundi stjórnar.

7. Vallarbreytingar:

Umræðum um breytingar á velli haldið áfram, og m.a. rædd drög að kostnaðaráætlun, sem hljóðar í heild upp á um 1,0 m.kr. til viðbótar við umræður um þær breytingar sem ræddar voru á síðasta fundi var rætt um mögulegar breytingar á 1. braut, þ.e. bæði umhverfis flöt og síðan um með hvaða hætti mætti bæta brautina sjálfa.

Gera þarf nákvæmari kostnaðaráætlun að höfðu samráði við mögulega framkvæmdaraðila, til að sjá hvaða verkþætti er hægt að ráðast í á þessu sumri, og síðan hvort hægt verður að afla sérstakra styrkja til framkvæmdanna. – Málið verður rætt frekar á næsta stjórnarfundi.

8. Önnur mál:

- Umsókn um niðurfellingu fasteignagjalda: Gjaldkeri upplýsti að borist hefði neikvætt svar frá sveitarstjórn Bláskógabyggðar vegna erindis GD um niðurfellingu fasteignagjalda. Svarið er hins vegar efnislega sett fram á þann hátt að þörf er á að leiðrétta ákveðin efnisatriði þess. – Var gjaldkera falið að fylgja málinu frekar eftir.
- Styrkir í boði frá UMFÍ: Formaður lagði fram upplýsingar um styrki sem eru í boði á vegum UMFÍ, m.a. vegna æskulýðs- og fræðslustarfs (umsóknarfrestur til 1. apríl), sem og vegna t.d. ræktunarmála (umsóknarfrestur til 1. maí). – Formanni falið að fylgja þessu eftir og sjá hvort GD getur sótt um styrki vegna einstakra verkefna.
- Upplýsingabréf til félagsmanna: Formaður lagði til að félagsmönnum yrði sent almennt upplýsingabréf á næstunni; það yrði byggt á slíkum bréfum sem send hafa verið árlega á vorin til að undirbúa sumarið. – Var formanni falið að ganga frá slíku bréfi til útsendingar.
- Innheimta félagsgjalda: Gjaldkeri upplýsti að innheimta félagsgjalda GD 2018 yrði sett af stað í mars með þeim hætti að greiðsla félagsgjalda yrði þrískipt, þ.e. í mars, apríl og maí.

Fleiri mál ekki tekin til afgreiðslu, og formlegum fundi slitið kl. 18:30.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn miðvikudaginn 22. mars n.k. á sama stað kl. 17:00.

- Ráðgert að þá verði á dagskrá a.m.k. mótamál, ráðningarmál og fjármál.

Eiríkur Þorláksson ritaði fundargerð.